«Samþykkt 89
fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað um fiskiveiðar á opnum skipum. 16. ágúst

1. grein.

Enginn, sem stundar fiskiveiðar á opnum skipum,má á nokkru fiskimiði í Ísafjarðarsýslu, á tímabilinu frá veturnóttum til sumarmála, láta lóðir liggja í sjó næturlangt.

2. grein.

Enginn má á nokkru fiskimiði í Ísafjarðarsýslu slægja eða afhöfða nokkra fiskitegund á sjó úti, á tímabilinu frá 1. október til 1. apríl.

3. grein.

a. Á sama svæði má enginn á tímabilinu frá 1. desbr. til 1. maí árið eptir brúka krækling til beitu.
b. Enginn má á tímabilinu frá 1. apríl til 15. maí sama ár brúka síld í beitu á framanskrifuðu svæði á lóðir.
c. Sexmannaförum sje leyfilegt að hafa að eins 200 faðma af innsettum hrognkelsanetum, en þriggja- og fjögramannaförum að eins 150 faðma.

4. grein.

a. Í hverjum hrepp í Ísafjarðarsýslu og í Ísafjarðarkaupstað sje skipuð nefnd þriggja manna; kýs hreppsnefndin eða bæjarstjórnin einn þeirra úr sínum flokki, og skal hann vera oddviti nefndarinnar; en hinir tveir skulu vera formenn, og gengst oddvitinn fyrir því, að formenn þeir, er uppsátur hafa í hreppnum, sjálfir kjósi þá úr sínum flokki í byrjun hverrar vertíðar. Skal nefnd þessi hafa nákvæmar gætur á, að öllu því, sem tekið er fram í samþykkt þessari, sje fyllilega hlýtt. Verði einhver uppvís að því, eða nefndinni þyki líklegt, að einhver hafi brotið á móti samþykktinni, tilkynnir hún það hlutaðeigandi yfirvaldi.
b. Brjóti nokkur móti samþykkt þessari, nema líf liggi við, varðar það sektum frá 1 kr. til 100 kr. eptir málavöxtum. Fjórði hluti sektar ber uppljóstrarmanni, helmingur gæzlunefndinni og fjórðungur hreppi þeim, sem brotið er framið í».

* * *

Samþykkt þessi staðfestist hjer með af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. dag októbermánaðar 1879, og kunngjörist hjer með öllum hlutaðeigöndum til eptirbreytni.

Íslands vesturamt, Reykjavík 16. d. ágústm. 1879.

Bergur Thorberg.

Samþykkt 90
fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað um hákarlaveiðar á opnum skipum. 15. ágúst

Sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu hefir með lögákveðinni hlutdeild af hálfu bæjarstjórnarinnar í Ísafjarðarkaupstað samkvæmt lögum 14. desember 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, gjört eptirfylgjandi

»Samþykkt

fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað um hákarlaveiðar á opnum skipum:

1. grein.

Enginn má á nokkru fiski- eða hákarlamiði í Ísafjarðarsýslu á tímabilinu frá 1. október til 15. febrúarmánaðar skera niður eða sleppa í sjóinn nokkru af hákarli.

90 16. ágúst

2. grein.

Í hverjum hreppi Ísafjarðarsýslu, og í Ísafjarðarkaupstað, sje skipuð nefnd þriggja manna; kýs hreppsnefndin eða bæjarstjórnin einn þeirra úr sínum flokki, og skal hann vera oddviti nefndarinnar; en hinir tveir skulu vera formenn, og gengst oddvitinn fyrir því, að formenn þeir, er uppsátur hafa í hreppnum, sjálfir kjósi þá úr sínum flokki í byrjun hverrar vertíðar. Skal nefnd þessi hafa nákvæmar gætur á, að öllu því, sem tekið er fram í samþykkt þessari, sje fyllilega hlýtt. Verði einhver uppvís að því, eða þyki nefndinni líklegt, að einhver hafi brotið á móti samþykktinni, tilkynnir hún það hlutaðeigandi yfirvaldi.

3. grein.

Brjóti nokkur móti samþykkt þessari nema líf liggi við, varðar það sektum frá 1 kr. til 100 króna eptir málavöxtum; fjórði hluti sekta ber uppljóstrarmanni, helmingur gæzlunefndinni og fjórðungur hreppi þeim, sem brotið er framið í.«

* * *

Samþykkt þessi staðfestist hjer með af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. októbermán. 1879, og kunngjörist hjer með öllum hlutaðeigöndum til eptirbreytni.

Íslands vesturamt, Reykjavík 16. d. ágústmán. 1879.

Bergur Thorberg.

EMBÆTTISMANNASKIPUN O. FL.

3. júlí þ. á. setti ráðgjafinn cand. juris Einar Thorlacius til að vera sýslumann í Skaptafellssýslu um 1 ár frá 1. ágúst þ. á.

28. s. m. setti landshöfðingi kandidat í læknisfræði Helga Guðmundsson til að vera hjeraðslækni í 10. læknishjeraði.

29. s. m. veitti hans hátign konungurinn sýslumanni í Barðastrandarsýslu Gunnlaugi Blöndahl lausn í náð frá embætti með eptirlaunum samkvæmt eptirlaunalögunum.

27. ágúst þ. á. veitti landshöfðingi Fells og Höfða prestakall í Skagafjarðarprófastsdæmi kandídat í guðfræði Einari Jónssyni.

28. s. m. setti landshöfðingi stúdent Ásmund Sveinsson sýslumann í Barðastrandarsýslu um stundarsakir.

29. s. m. veitti landshöfðingi prestinum að Húsavík sira Jóni Þorsteinssyni Lundarbrekkuprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.

ALÞINGISKOSNINGAR.

Eptir að 1. þingmaður Ísafjarðarsýslu Jón Sigurðsson R. D. í Kaupmannahöfn og 2 þingmaður Suðurmúlasýslu Einar Gíslason á Höskuldsstöðum höfðu sagt af sjer þingmennskunni fóru fram nýjar kosningar

að Þingmúla í Suðurmúlasýslu 10. júní, og var þar kosinn alþingismaður Jón bóndi Pjetursson á Berunesi með 30 atkvæðum af 57 og

á Ísafjarðarkaupstað 8. ágúst, þar sem Þorsteinn bakari Þorsteinsson var kosinn á þing með 12 atkvæðum af 18.

KONSÚLL SKIPAÐUR.

Eptir að Símon kaupmaður Johnsen í Reykjavík hafði verið skipaður konunglegur sœnsk-norskur varakonsúll, hefir hans hátign konunginum þóknazt 4. júlí þ. á. að játa og samþykkja þetta embætti hans.

ÓVEITT EMBÆTTI

er ráðgjafinn fyrir Ísland leggur til um veitingu á.

Embættið sem sýslumaður í Barðastrandarsýslu í vesturumdœmi Íslands.

Árslaun eru 2500 kr., auk óvissra tekja samkvæmt 2. gr. laga 14. desbr. 1877, um laun sýslumanna og bœjarfógeta.

Sœki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, skulu þeir láta bónarbrjefum sínum fylgja tilhlýðileg vottorð um kunnáttu sína í íslenzkri tungu, samkvæmt konungsúrskurðum 8. apríl 1844, 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863.

Auglýst 2. ágúst 1879. Bónarbrjef eiga að vera komin 31. október 1879.